

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 167/2016

2018/EES/19/04

frá 23. september 2016

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/423 frá 18. mars 2016 um leyfi fyrir tiltekna rannsóknarstofur í Egyptalandi, Sameinuðu arabísku furstadæmunum og Bandaríkjunum til að framkvæma sermiprófanir til að vakta skilvirkni bóluafna við hundaeði í hundum, köttum og frettum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/448 frá 23. mars 2016 um breytingu á I. og II. viðauka við ákvörðun 2003/467/EB í tengslum við þá stöðu að Malta sé opinberlega laus við laus við berkla og öldusótt að því er varðar nautgripahjarðir ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Ísland er undanþegið löggjöf á þessu sviði eins og segir í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Íslands.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 5) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 70. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/467/EB) í hluta 4.2:

„– **32016 D 0448:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/448 frá 23. mars 2016 (Stjútíð. ESB L 78, 24.3.2016, bls. 78).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 100. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/130) í hluta 4.2:

„101. **32016 D 0423:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/423 frá 18. mars 2016 um leyfi fyrir tiltekna rannsóknarstofur í Egyptalandi, Sameinuðu arabísku furstadæmunum og Bandaríkjunum til að framkvæma sermiprófanir til að vakta skilvirkni bóluafna við hundaeði í hundum, köttum og frettum (Stjútíð. ESB L 75, 22.3.2016, bls.70).

Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.“

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 75, 22.3.2016, bls. 70.⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 78, 24.3.2016, bls. 78.

2. gr.

Norskur texti framkvæmdarákvarðana (ESB) nr. 2016/423 og (ESB) nr. 2016/448, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Bergdís Ellertsdóttir

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.